

Nd. **827. Breytingartillögur** [312. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 73 9. október 1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 2. gr.

1. Orðin „(möbel- og interiörarkitekt)“ í nýrri 10. gr. falli brott.
2. Ný 11. gr. orðist svo:

Engum má veita leyfi það sem um getur í 10. gr. nema hann hafi stundað nám og lokið fullnaðarprófi við listiðnaðarskóla eða aðra sérskóla sem ráðherra viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein, að fenginni umsögn stéttarfélags húsgagna- og innanhússhönnuða.

Þeir sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsgagna- og innanhússhönnuði.